



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Nefndasvið
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

19. apríl 2017
Tilvísun: 2017040013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lánshæfismatsfyrirtæki, 401. mál

Vísað er til erindis, dags. 5. apríl 2017, frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um lánshæfismatsfyrirtæki, 401. mál.

Tilgangur með framlagningu frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ásamt reglugerðum (ESB) nr. 513/2011 og 462/2013 sem breyttu fyrstnefndu reglugerðinni. Við innleiðingu reglugerðanna er notuð sú aðferð að vísa til birtingar þeirra og ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar í EES-viðbæti.

Fjármálaeftirlitið styður framgöngu frumvarpsins en vill þó koma tveim athugasemdum á framfæri.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu er m.a. fjallað um að reglugerð (EB) nr. 1060/2009 gildir um lánshæfismat sem lánshæfismatsfyrirtæki sem skráð eru á Evrópska efnahagssvæðinu gefa út og greina frá opinberlega eða dreifa í áskrift. Athygli vekur að engin gildissviðsákvæði eru í frumvarpinu en þau eru þó að finna í reglugerðinni.

Þá er ákvæði 5. og 6. gr. frumvarpsins einnig að finna í frumvarpi til laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, 217. mál. Telja má að endurtekning á ákvæðunum í frumvarpi til laga um lánshæfismatsfyrirtæki sé því óþörf.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Hildur Jana Júlíusdóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lánshæfismatsfyrirtæki, 401. mál - þingskjal 532

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 5. apríl sl. þar sem óskað var umsagnar Reitunar ehf. um ofangreint mál.

Reitun ehf. skilgreinir sig sem innlent lánshæfismatsfyrirtæki (e. Credit Rating Agency, CRA). Fyrirtækið hefur starfað frá árinu 2010 og gaf út fyrstu lánshæfismötin í júní það ár. Í dag eru um 15 aðilar með samning við Reitun um slík mót, fyrst og fremst útgefendur skuldabréfa á markaði hér á landi. Fyrirtækið er nátengt IFS Greiningu.

Gera verður ráð fyrir að starfsemi Reitunar muni að óbreyttu falla undir gildissvið væntanlegra laga um lánshæfismatsfyrirtækja og þeirra reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins sem löggin vísa til.

Reitun hefur fylgst með undirbúningi umræddrar lagasetningar um lánshæfismatsfyrirtæki. Frá því í nóvember 2012 hefur fyrirtækið verið í samskiptum við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og síðar fjármála- og efnahagsráðuneytið varðandi mál þetta. Einnig hefur fyrirtækið verið í samskiptum við Fjármálaeftirlitið um málið.

Reitun hefur jafnframt verið í samskiptum við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og lagt inn beiðni um fund með Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (ESMA) í samráði við ESA. Fyrirtækið hefur því hafið undirbúning að gildistöku nýrra reglna. Undirbúningurinn felst m.a. í greiningu á áhrifum reglnanna á starfsemi fyrirtækisins og vinnu við umsóknar- og skráningarferlið sem reglurnar kveða á um. Þeirri vinnu er ekki lokið og bíður fyrirtækið m.a. eftir fyrstu viðbrögðum ESMA í þeim efnum. Áætlað er að sú vinna muni verða tímafrek.

Ljóst er að nýju reglurnar munu að óbreyttu hafa mikil áhrif á Reitun og valda verulegum kostnaðarauka. Allar líkur eru á að umsóknarferlið reynist kostnaðarsamt og að umtalsverður viðbótarkostnaður leggst á vegna reksturs fyrirtækisins eftir útgáfu starfsleyfis auk þess sem greiða þarf gjöld vegna eftirlits. Samhliða umsókn þarf því að meta rekstrarforsendur starfseminnar í ljósi reglnanna.

Að mati Reitunar er líklegt að í kjölfar leyfisveitingar muni markaðurinn og eftirlitsaðilar sjá aukið virði í lánshæfismati frá fyrirtækinu en spurning er hvort virðisaukningin sé nægjanlega mikil til að standa undir auknum kostnaði sem nýjar reglur munu hafa í för með sér fyrir fyrirtækið.

Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að löggin öðlist þegar gildi. Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Reitun mikilvægt að fyrirtækið fái nægjanlegan aðlögunartíma til að undirbúa sig fyrir gildistöku laganna. Reitun leggur því til að gildistöku laganna verði frestað í 12 mánuði eða að sett verði inn í löggin ákvæði sem veitir sambærilegum fyrirtækjum undanþágu í 12 mánuði frá gildistöku laganna. Reitun gerir ráð fyrir að sá aðlögunartími muni nægja til að greina áhrif nýju reglnanna að fullu og ljúka umsóknarferli.

Forsvarsmenn fyrirtækisins eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að mæta á fund með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til að gera betur grein fyrir sjónarmiðum sínum, verði þess óskað.

Virðingarfyllt,
F.h. Reitunar ehf.



Ólafur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri

21. apríl 2017

Nefndarsvið Alþingis

Alþingi við Austurvöll

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um lánshæfismatsfyrirtæki, 401. mál.

Vísað er til erindis Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsett 5. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Samtaka fjármálafyrirtækja um um ofangreint mál.


Samtök fjármálafyrirtækja gera ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp og eru meðmælt því að það verði að lögum.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri



Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur